

Útvistunarstefna EFÍA

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Stefna þessi gildir um alla útvistun. Tilgangur stefnunnar er að tryggja samræmt verklag um útvistun og umsjón og eftirlit með útvistuðum verkefnum.

Stefnan er sett með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014, um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

2. gr. Orðskýringar

Í stefnu þessari merkir:

1. Útvistun: Fyrirkomulag, á hvaða formi sem er, milli lífeyrissjóðs og þjónustuaðila sem felur í sér að þjónustuaðili tekur að sér framkvæmd tiltekinnar starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðsins sem hann myndi ella annast sjálfur. Kaup á rekstrarvörum eða almennri þjónustu sem ekki varðar starfsemi lífeyrissjóðsins, s.s. þjónusta er varðar rekstur fasteigna, samgöngur, fjarskipti o.þ.h., tilfallandi verkefni sem verktakar eru fengnir til að sinna sem og verkefni sem lög áskilja að þriðji aðili framkvæmi, teljast ekki vera útvistun
2. Þjónustuaðili/útvistunaraðili: Sá aðili sem veitir lífeyrissjóðnum þjónustu samkvæmt útvistunarsamningi.
3. Útvistunarsamningur: Samningur sem samkvæmt efni sínu felur í sér að lífeyrissjóðurinn feli þjónustuaðila að taka að sér framkvæmd tiltekinnar starfsemi eða þjónustu lífeyrissjóðsins.
4. Keðjuútvistun: Þegar þjónustuaðili útvistar þeirri þjónustu sem hann hefur tekið að sér samkvæmt útvistunarsamningi við lífeyrissjóðinn til þriðja aðila, sem ekki tilheyrir sömu samstæðu.
5. Verkefni og kerfi sem hafa mikilvæga þýðingu:
 - i. Lykilstarfsvið lífeyrissjóðsins, þ.e. áhættustýring, innri endurskoðun og regluvarsla.
 - ii. Önnur verkefni sem eru þess eðlis að veikleikar eða mistök við rækslu þeirra gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir möguleika lífeyrissjóðsins til þess að uppfylla skyldur sínar skv. lögum, reglugerðum, reglum eða öðrum viðmiðum sem um starfsemina gilda og/eða hafa áhrif á möguleika lífeyrissjóðsins til að halda áfram starfsemi.
 - iii. Önnur starfsemi sem krefst starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.
 - iv. Verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu lífeyrissjóðsins.
 - v. Kerfi sem flokkast sem lykilkerfi lífeyrissjóðsins. Lífeyriskerfi er heldur utan um iðgjöld, réttindi og útgreiðslur. Verðbréfakerfi er heldur utan um eignir sjóðsins. Áhættustýringarkerfi er fylgist með því hvort eignir séu innan heimilda laga og fjárfestingarstefnu. Lánakerfi er heldur utan um sjóðfélagalán lífeyrissjóðsins auk bókahalds- og skjalakerfis. Verkefni sem hafa ekki mikilvæga þýðingu:

Með fyrirvara um stöðu annarra verkefna skulu eftirfarandi verkefni, sem varða starfsemi lífeyrissjóðsins eða þjónustu sem lífeyrissjóðurinn veitir, ekki talin hafa mikilvæga þýðingu:

- a. ráðgjafarþjónusta og önnur þjónusta til lífeyrissjóðsins, þ.m.t. lögfræðiþjónusta fyrir lífeyrissjóðinn, þjálfun starfsfólks, reikningagerð og öryggisgæsla.
- b. Önnur útvistun sem til gæti komið á verkefnum sem ekki eru talin hafa áhrif á áhættustýringu sjóðsins, krefjast ekki starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins og vanefndir á þeim yrðu ekki til þess fallnar að ógna möguleikum lífeyrissjóðsins til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum viðmiðum sem um starfsemina gilda.

3. gr. Almennt um stofnun og áhrif útvistunar

Lífeyrissjóðurinn skal sýna tilhlýðilega aðgát og kostgæfni þegar hann stofnar til, fer með eða bindur enda á hvers kyns útvistun verkefna. Lífeyrissjóðurinn skal tryggja, með eigin aðgerðum eða formlegu samstarfi við aðra aðila en þjónustuaðilann, að þeir sem gerðir eru útvistunarsamningar við búi yfir nægilegri þekkingu til að taka að sér viðkomandi verkefni fyrir sjóðinn.

Ábyrgð lífeyrissjóðsins samkvæmt lögum, þ.m.t. stjórnunarleg ábyrgð, helst óbreytt þrátt fyrir útvistun, þar á meðal sú skylda að virkt eftirlit sé með útvistun á mikilvægum verkefnum.

Stjórn lífeyrissjóðsins tekur ákvörðun um útvistun verkefna. Áður en ákvörðun um útvistun er tekin skal:

- leggja á það formlegt mat hvort útvistun teljist mikilvæg eða ekki.
- meta hvort útvistun feli í sér starfsleyfisskyld verkefni en þá skal tryggt að útvistunaraðili hafi tilskilin starfsleyfi til að sinna umræddu verkefni
- framkvæma áhættumat, m.a. á rekstrar-, orðspors- eða samþjöppunaráhættu lífeyrissjóðsins, áhrif á innra eftirlit og skilyrði starfsleyfis lífeyrissjóðsins framkvæma áreiðanleikakönnun á þjónustuaðila / útvistunaraðila

Rekstri upplýsingakerfa lífeyrissjóðsins má útvista og skal útvistunaraðili uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019. Þjónustuaðili sem tekið hefur að sér hýsingu á upplýsingakerfum og gögnum fyrir hönd sjóðsins skal ekki keðjuútvista lengra en til þriðja aðila. Þá skal almennt í þessum tilvikum ekki keðjuútvista út fyrir Evrópska efnahagssvæðið og þá aðeins að því tilskildu að lagaumhverfi í því ríki sem keðjuútvistað er til standi ekki í vegi fyrir störfum eftirlitsaðila.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands skal upplýst fyrirfram með fullnægjandi hætti um útvistun mikilvægra verkefna og útvistun á rekstri upplýsingakerfa, og meiriháttar breytingar á slíkri útvistun.

Lífeyrissjóðurinn skal jafnframt hafa allar upplýsingar tiltækar fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að gera því kleift að hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum við framkvæmd útvistunar og sinna sínu eftirlitshlutverki.

4. gr. Eftirlit með útvistuðum verkefnum

Stjórn lífeyrissjóðsins og framkvæmdastjóri hafa eftirlit með því að hinni útvistuðu þjónustu sé sinnt í samræmi við lög og reglur og viðkomandi útvistunarsamning.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu viðhalda þeirri sérfræðipökkingu sem nauðsynleg er til að hafa ávallt næga yfirsýn og eftirlit með útvistuðum verkefnum sem hafa mikilvæga þýðingu á skilvirkan hátt og stýra áhættu sem tengist útvistuninni.

Verði framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs áskynja um að frammistaða þjónustuaðila sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við útvistunarsamning, meðal annars m.t.t. kostnaðar, gæða þjónustu, lagaskilyrða eða innri reglna, skal stjórn upplýst þar um og skal ennfremur grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við viðbúnaðaráætlun vegna útvistunar verkefna með mikilvæga þýðingu sem í gildi er hverju sinni. Aðgerðir geta m.a. verið fólgnar í því að veita frest til úrbóta og að veita leiðbeiningar. Ef vanefnd er veruleg er heimilt að segja upp útvistunarsamningi.

Í útvistunarsamningi skal tilnefndur ábyrgðaraðili hjá lífeyrissjóðnum sem ber ábyrgð á undirbúningi útvistunarsamnings, er tengiliður sjóðsins við viðkomandi þjónustuaðila og ber ábyrgð á eftirliti með því að hinni útvistuðu þjónustu sé sinnt í samræmi við lög og reglur og viðkomandi útvistunarsamning. Tilgreina skal ábyrgðaraðila með vísan til starfstíls eða stöðu starfsmanns.

Þjónustuaðili skal upplýsa lífeyrissjóðinn um framvindu á útvistuðu verkefni og veita sjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við nánari ákvæði útvistunarsamnings.

5. gr. Útvistunarsamningur

Samningur um útvistun verkefna skal vera skriflegur og uppfylla skilyrði reglna þessara og viðeigandi laga og reglna um útvistun. Í samningnum skal kveðið skýrt á um réttindi og skyldur lífeyrissjóðsins annars vegar og þjónustuaðila hins vegar og hvaða þjónustu skal veita.

Í útvistunarsamningi skal kveðið á um hvort keðjuútvistun sé heimil og hvaða skilyrði gildi um slíkt.

Í útvistunarsamningi skal vera ákvæði um uppsögn útvistunarsamnings skv. fyrirfram ákveðnum uppsagnarfresti. Ef um verulega vanefnd á samningi er að ræða skal almennt heimilt að rifta samningi.

Í útvistunarsamningi, sem ekki telst um mikilvæg verkefni eða útvistun á rekstri upplýsingakerfa, skal hið minnsta kveðið á um:

1. hvaða þjónustu þjónustuaðili skal inna af hendi,
2. gildistíma, uppsagnarfrest og lögsögu/varnarþing,
3. sérstaka uppsagnarheimild lífeyrissjóðsins til samræmis við grein 9.1 (vii) í leiðbeinandi tilmælum nr. 6/2014,
4. þóknanir vegna samningsins,
5. hvar hin útvistuðu verkefni verða innt af hendi og/eða hvar viðeigandi gögn verða varðveitt og unnin, sem og áskilnað þess efnis að sjóðnum sé tilkynnt um hugsanlega tilfærslu slíkra gagna,
6. að þjónustuaðili skuli hafa hæfni, getu og öll leyfi sem krafist er samkvæmt lögum og reglum lífeyrissjóðsins, til að inna af hendi útvistuð verkefni af áreiðanleika og fagmennsku,
7. að þjónustuaðili skuli inna af hendi útvistuð verkefni með skilvirkum hætti, og hafa fullnægjandi eftirlit með framkvæmd útvistaðra verkefna og stýra á viðunandi hátt áhættum er tengjast hinum útvistuðu verkefnum,
8. tilkynningarskyldu þjónustuaðila vegna hverrar þeirrar þróunar sem gæti haft veruleg áhrif á getu hans til að inna þjónustuna af hendi, á skilvirkan hátt og í samræmi við umsamið þjónustustig, sem og gildandi lög og reglur,

9. rétt sjóðsins til aðgangs að gögnum og til viðvarandi eftirlits með þeirri starfsemi þjónustuaðilans sem samningurinn tekur til, þar á meðal eftirlitsheimildir innri og ytri endurskoðenda sjóðsins,
10. heimild eftirlitsaðila til aðgangs að gögnum og upplýsingum og samstarfsskyldu þjónustuaðila með slíkum aðilum, t.a.m. þegar kemur að athugunum eftirlitsaðila á vinnustöð þjónustuaðila,
11. afhendingu gagna við lok samningstíma og eftir atvikum um reglubundna eyðingu gagna,
12. að öll gögn sem varða málefni sjóðsins séu eign sjóðsins og um heimildir sjóðsins til að nálgast þau komi til rekstrarstöðvunar, gjaldþrots eða greiðslustöðvunar þjónustuaðila,
13. þagnarskyldu þjónustuaðila og starfsmanna hans,
14. reglulega endurskoðun samnings, sem ætti að fara fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti, og
15. gagnaöryggi og öryggi upplýsingatæknikerfa

Í útvistunarsamningi um mikilvæg verkefni, og eftir atvikum um útvistun á rekstri upplýsingakerfa, skal til viðbótar kveðið á um:

1. í tilviki útvistar á rekstri upplýsingakerfa, að útvistaradili hafi verið upplýstur um efni tilmæla 1/2019 og staðfesti að viðkomandi framfylgi þeim í umboði lífeyrissjóðsins,
2. hvort keðjuútvistun sé heimil, sem einnig skal tilgreina í samningum um útvistun upplýsingakerfa, og takmarkanir slíkra heimilda
3. í tilviki útvistar upplýsingakerfa skal kveða á um frávikatilkynningar og varðveislu og meðhöndlun gagna,
4. skyldu til að koma á, í samráði við lífeyrissjóðinn, rekstrarsamfelliáætlun og framkvæma reglubundnar prófanir á áætluninni,
5. útgönguáætlun (e. exit strategy), sem einnig skal tilgreina í samningum um útvistun upplýsingakerfa.

6. gr. Viðbúnaðaráætlun

Lífeyrissjóðurinn skal hafa viðbúnaðaráætlun vegna útvistar verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu og eftir atvikum útvistun upplýsingakerfa, þannig að hægt sé að hætta útvistun, ef þörf krefur, án þess að skaði rekstur sjóðsins og samfellda þjónustu sem sjóðurinn veitir sjóðfélögum sínum.

7. gr. Birting, gildistaka og endurskoðun

Stefna þessi skal taka gildi við undirritun.

Stefnuna skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.